



Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, föstudagur, 14. apríl 2023
UST202303-377/H.G.
04.00

Efni: Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (geymsla koldíoxíðs), 889. mál.

Vísað er til bréfs dags. 31.3.2023 þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (geymsla koldíoxíðs), 889. mál.

Um er að ræða breytingar á VI. kafla A sem fjallar um geymslu koldíoxíðs í jörðu í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Breytingarnar eru nauðsynlegar til að samræma orðalag kaflans við orðalag tilskipunar 2009/31/EB um geymslu koldíoxíðs í jörðu og tryggja fullnægjandi innleiðingu tilskipunarinnar í íslensk lög.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

Umhverfisstofnun veitti umsögn um málið þann 28. febrúar 2023 þegar frumvarpið var í samráðsgátt stjórnvalda. Stofnunin fagnar því að tekið var tillit til athugasemda stofnunarinnar en telur enn nokkrar athugasemd útistandandi.

Um 1. gr.

Lagt er til að breyta 1. mgr. 33. gr. a. í gildissviðsákvæði kaflans þannig hann gildir um geymslu koldíoxíðs í jörðu á yfirráðasvæði Íslands, þ.e. á landi, innsævi, í landhelgi, efnahagslögsögu og á landgrunni. Umhverfisstofnun fangar því að tekið var undir athugasemdir stofnunarinnar og að farið var eftir tillögu dr. Bjarna Más Magnússonar um breytingu á greininni. Í frumvarpinu segir að í umsögn Bjarna er einnig nefnt að það þurfi mögulega að breyta orðalagi 1. mgr. 2. gr. laganna, sem fjallar um gildissvið þeirra, af því að lofthelgi sé til að mynda upptalin í ákvæðinu en ekki sé minnst á innsævi, landhelgi eða landgrunn. Verður sú tillaga tekin til nánari skoðunar hjá ráðuneytinu, einkum í ljósi athugasemdar af svipuðum toga sem barst frá Umhverfisstofnun. Stofnunin leggur áherslu á það sem fram kom í umsögn stofnunarinnar þann 28. febrúar sl. að með því að hafa ósamræmi á milli 2. gr. og 33. gr. a. og 2. gr. laganna er verið að breikka ennfremur bilið og að það sé verið að gera enn óskýrara hvort lög nr. 7/1998 ná til lofthelgi, landhelgi og innsævis. Hér er vert að nefna að Umhverfisstofnun gefur starfsleyfi út til að mynda fyrir sjókvíaeldi sem er einkum staðsett í innsævi Íslands. Umhverfisstofnun telur því gríðarlega mikilvægt og öruggara að tekinn verður allur vafi á þessu og að Alþingi tryggir að 2. gr. laga nr. 7/1998 verði jafnframt breytt svo að lögin taka skýrt fram að þau gildi í landhelginni, landgrunninu og innsævinu.

Um 6. gr.

Lagt er til að breytingar verða 33. gr. g. sem felst m.a. í því að bæta nýjum tölulið við 1. mgr. sem verður 2. tölul., sbr. b. liður. Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar eru í lögnum 1.-3.

tölul. stofnun telur því rétt að breyta ákvæðinu enda er jafnframt lagt til að breyta 3. tölul. sem verður 4. tölul. Stofnunin bendir jafnframt á misræmi í lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 1430/2022 sem æskilegt er að laga enda er tilgangur breytinganna á lögnum að samræma orðalag IV. kafla A. við orðalag tilskipunar 2009/31/EB um geymslu koldíoxíðs í jörðu og tryggja fullnægjandi innleiðingu tilskipunarinnar í íslensk lög. Í 3. tl. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 7/1998, sem lagt er til að verði að 4. tl., segir: „geymslusvæði hefur verið lokað og öll mannvirki tengd niðurdælingu og geymslu fjarlægð eða frá þeim gengið“. Stofnunin bendir á að í 4. tl. 1. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 1430/2022 sem innleiðir g. lið 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/31/EB segir: „að geymslusvæði hafi verið innsiglað og niðurdælingarbúnaður fjarlægður“. Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 7/1998 er stofnuninni skylt að setja ákvæði í starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka I og II, um lokun iðnaðarsvæðis þegar starfsemi er stöðvuð endanlega. Þannig stofnunin mun setja ákvæði í geymsluleyfi um lokun svæða sem getur verið eins eða ítarlegra en er í 33. gr. g. því leggur stofnunin til nýtt orðalag á 4. tl. 1. mgr. 33. gr. g. laganna.

Stofnunin leggur til að 33. gr. g. laganna orðist svo:

33. gr. g. Flutningur ábyrgðar.

Ábyrgð á geymslusvæði færast yfir til Umhverfisstofnunar þegar geymslusvæði hefur verið lokað, sbr. 16. gr., að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Öll tiltæk gögn benda til þess að koldíoxíð sé fullkomlega og varanlega aflokað.
2. Lágmarkstími sem Umhverfisstofnun ákvarðar er liðinn. Sá lágmarkstími skal ekki vera styttri en 20 ár nema unnt sé að sýna fram á að koldíoxíð sé fullkomlega og varanlega aflokað áður en því tímabili lýkur.
3. Fjárhagslegar skyldur skv. 33. gr. j eru uppfylltar.
4. Geymslusvæði hafi verið innsiglað og niðurdælingarbúnaður fjarlægður.

Rekstraraðili ber ábyrgð á viðhaldi, vöktun, skýrslugjöf og ráðstöfunum til úrbóta á grundvelli áætlunar þar að lútandi sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt þar til ábyrgð flyst til Umhverfisstofnunar.

Um 11. gr.

Lagt er til að breyta 1. mgr. 53. gr. þannig að við hana bætist nýr töluliður, 3. tölul. svohljóðandi: Könnunarleyfi, sbr. VI. kafla A. Umhverfisstofnun telur jákvætt að breytt verði 53. gr. þannig stofnunin fái heimild til að taka gjald vegna vinnslu könnunarleyfis. Stofnunin bendir hins vegar á að nú þegar eru í lögum 1.-5. tl. Til að raska ekki tilvísunum leggur Umhverfisstofnun til að orðinu könnunarleyfi verði bætt inn í 1. tl. enda er útgáfa starfsleyfis fyrir geymslu koldíoxíðs undir þeim lið. Lagt er til að töluliðurinn orðast svo:

1. Námskeið, útgáfu starfsleyfa, könnunarleyfa og vottorða, sem og endurskoðun eða breytingar á starfsleyfum, sbr. 6. gr.

Með vísan til framangreinds tekur Umhverfisstofnun undir þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu en telur mikilvægt að breytingar verði gerðar á frumvarpinu áður en það verður samþykkt. Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymissjóri